

Fundur í Betadeild þriðjudaginn 16. september 2008

Fundarstaður: Leikskólinn Naustatjörn

- Dagskrá:
1. Setning fundar .
 2. Orð til umhugsunar.
 3. Fundargerðir síðustu funda lesnar.
 4. Önnur mál:
 - a. Starfið framundan.
 - b. Sameignlegur fundur okkar með Zeta deild.
 5. Kynning á þróunarstarfi í leikskóla.
 6. Happdrætti, kaffi og spjall.

1. Eygló, nýr formaður setti fyrsta fund vetrarins og bauð meðlimi ásamt gestum velkomna. Gestir sem mættu eru Sigríður Huld Jónsdóttir frá VMA, Fjóla Kristín Helgadóttir og Rannveig Sigurðardóttir báðar frá Oddeyrarskóla, Björk Sigurðardóttir og María Gunnarsdóttir báðar frá Hrafnagilsskóla.
2. Orð til umhugsunar. Helga Thorlacíus sagði frá skáldinu Jóni úr Vör. Hann stofnaði bókasafn Kópavogs í kjallaranum í Kársnesskóla og var bókavörður þar í 30 ár. Hann gaf út 13 bækur og er bókin Þorpið hennar þekktust. Helga las ljóðið „Ég er svona stór“ úr bókinni.
3. Selma las upp fundargerð til samþykktar frá 14. janúar en þar hafði vantað inn nöfn nýrra félagskvenna. Hún las ennfremur upp fundargerð síðasta fundar frá 25. apríl 2008 til samþykktar. Tvær athugasemdir voru gerðar við hana og verður henni breytt til samræmis. Fundargerðirnar voru samþykktar með breytingum.
4. Eygló las upp þakkarbréf frá Önnu Þóru landssambandsforseta en deildin hafði styrkt hana vegna ferðar hennar á Alþjóðapíngið í Chicago en þar var hún með erindi. Alls fóru 8 konur frá Íslandi á þingið.

Eygló sagði frá fundi í framkvæmdaráði sem hún sótti.

Eygló kynnti drög að vetrardagskránni, ný trío og kaffinefndir. Nokkrar umræður urðu um þessi atriði. Samþykkt að prófa að byrja kl. 19:30, og hafa það þannig í vetur.

Jóhanna Sigrún gerði grein fyrir ársuppgjöri deildarinnar og var það samþykkt.

Rætt var um fyrirhugaðan fund með Zeta deild og var þeirri hugmynd vel tekið.

María, fráfaramandi formaður afhenti Eygló formannsnælu.

Jóhanna las upp þakkarbréf frá Unicef vegna framlags sem deildin færði þeim til styrktar stúlkum í Afríku. Að þessu sinni var framlagið 45 þúsund krónur.

5. Anna R. Árnadóttir skólastjóri leikskólans Króabóls sagði frá þróunarverkefni heilsuleikskólans sem þau fengu viðurkenningu fyrir 1. júní 2007. Markmið verkefnisins er hollusta og hreyfing og hefur þeim m.a. tekist að taka alveg út sykur og unna kjötvöru, og auka hreyfingu bæði hjá börnum og starfsfólki. Þetta verkefni tengist þróunarverkefni sem hafði áður verið við skólann um lífsleikni.
6. Að lokinni kynningu Önnu voru kaffiveitingar sem Selma, Gunnlaug og Jónína sáu um. Dregið í happdrættinu og fékk Jóhanna Sigrún vinninginn að þessu sinni.

Fundi slitið.

Þorgerður Sigurðardóttir